

ÁRSSKÝRSLA

HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA 1979-2019

2019



VIÐ UPPHAF ÆVINTÝRISINS

Upphaf jarðhitarannsóknna við Urriðavatn. Segulmælingar í júlí 1963.



EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA 2019

Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Skýrsla og áritun stjórnar	13
Áritun óháðs endurskoðanda	14
Rekstarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Sjóðstreymisyfirlit	20
Skýringar	22
Sundurliðanir	33



Ljósmynd: Halla Sigrún

HEITT VATN
Borholur hitaveitunnar við Urriðavatn.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDARSTJÓRA 2019

Framkvæmdastjórn

Guðmundur Davíðsson lauk farsælum starfsferli sínum hjá HEF á vordögum 2018 vegna aldurs. Páll Breiðfjörð Pálsson tók við af Guðmundi en lét af störfum fyrir félagið í ágúst mánuði 2019. Undirritaður tók formlega við stöðu framkvæmdastjóra HEF 1. október sl., en hafði fram að því sinnt brýnustu verkefnum framkvæmdastjóra í ágúst og september að beiðni stjórnarformanns.

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2019 gefur til kynna að rekstrarárið hefur verið hagstætt hvað varðar framkvæmdir og rekstrarafkomu ársins, gengi krónunnar hefur verið stöðugt og styrkst örlítið á rekstrarárinu ásamt því að verðbólga er með minnsta móti svo að rekstrarumhverfi félagsins hefur verið mjög hagfellt.

Heildartekjur HEF árið 2019 námu 449,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 410,9 millj. kr. árið 2018. Hafa hækkað um 9,4% frá fyrra ári.


Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 180,7 millj. kr. samanborið við 173,7 millj. kr. 2018. Álögð fráveitugjöld voru 140,0 millj. kr. samanborið við 122,9 millj. kr. 2018. Álögð vatnsgjöld 2019 voru 84,8 millj. kr. samanborið við 82,6 millj. kr. 2018. Fastagjöld eru 23,5 millj. kr. en voru 23,2 millj. kr. 2018. Aðrar tekjur eru 20,4 millj. kr. en voru 8,5 millj. kr. árið 2018.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 170,8 millj. kr. samanborið við 186,8 millj. kr. árið 2018 og lækka því um 16,0 millj. kr. milli ára.


Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 278,7 millj. kr. samanborið við 224,1 millj. kr. árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 62% miðað við 55% árið 2018.

Afskriftir námu 86,5 millj. kr. samanborið við 83,3 millj. kr. árið 2018.

Rekstrartekjur í millj. kr.



EBITDA sem hlutfall af veltu



Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 192,2 millj. kr. samanborið við 140,8 millj. kr. árið 2018. Hrein fjármagnsgjöld námu 55,6 millj. kr. samanborið við 72,7 millj. kr. árið 2018.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 136,5 millj. kr. Tekjuskattur nemur 12,0 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða ársins er því 124,6 millj. kr. í hagnað samanborið við 60,9 millj. kr. 2018.

Eignir og eigið fé

Heildareignir félagsins í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi námu 2.096 millj. kr. samanborið við 2.039 millj. kr. í árslok 2018.

Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 16,1 millj. kr. í árslok en voru 16,7 millj. kr. í árslok 2018.

Eigið fé félagsins er 948 millj. kr. í árslok 2019 samanborið við 823 millj. kr. í árslok 2018 og er eiginfjárhlutfall félagsins 45,2% samanborið við 40,4% í árslok 2018. Eiginfjárhlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 þegar það nam 6,9%.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.148 millj. kr. í árslok 2019 samanborið við 1.215 millj. kr. í árslok 2018. Langtímaskuldir námu alls 995 millj. kr. í árslok, samanborið við 1.072 millj. kr. árið áður.

Sjóðstreymi


Veltufé frá rekstri nam 233,9 millj. kr. á árinu 2019 eða sem nemur 52,0% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 239,3 millj. kr. samanborið við 182,9 millj. kr. árið 2018.


Fjárfestingar námu samtals 80,7 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 14,1 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 29,9 millj. kr. og fjárfestingar fráveitu 47,1 millj. kr. Þá nam heildarkostnaður félagsins vegna

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. | Ársreikningur 2019

Eigið fé í millj. kr.



Veltufjárhlutfall



gagnveitu 51,6 millj. kr. en á móti færirst styrkur sem félagið fékk til uppbyggingar gagnaveitu í drefibýli. Því er kostnaður félagsins vegna gagnaveitu enginn á árinu 2019. Bifreið var seld á árinu fyrir 1,2 millj. kr.

Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 61,8 millj. kr. og afborganir leiguskulda 29,8 millj. kr. Félagið greiddi samtals 38,5 millj. kr. í vexti á árinu 2019, samanborið við 42,8 millj. kr. árið 2018.

Handbært fé í árslok er 113,5 millj. kr., samanborið við 46,4 millj. kr. í árslok 2018.

Starfsemin á árinu

HITAVEITA

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam um 1.903 þús. m³, meðalvinnsla er því 60 l/sek. eða um 217 m³ á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikil vindur og frost tvöfaldast heitavatsnotkunin, í desember 2019 var mesta mánaðarnotkun ársins, um 208 þús. tonn eða um 279 þúsund lítrar að meðaltali á klukkustund. Ársmeðalhiti 2019 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 3,8°C, eitt af 5 árum frá 2001, sem meðalhiti þar hefur verið undir 4°C.


Sala á heitu vatni skv. rúmmetramælingu er 1.502 þús. m³. Sala á heitu vatni um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 326 þús. m³. Heildartekjur af heitavatsrekstri árið 2019 námu 208 millj. kr. og hækka um 12 millj. kr. frá fyrra ári, hækkunin er m.a. vegna baðstaðarins Vakar við Urriðavatn.

Íþróttamannvirki Fljótsdalshéraðs notuðu um 146 þús. m³ árið 2019. Notkun á heitu vatni til afbræðslu var um 4,6 þús. m³. Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum notuðu um 21 þús. m³ árið 2019.


Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu voru fátíðar, þó einhverjar uppákomur verði í flestum mánuðum. Fyrirbyggjandi endurnýjun á liðnum árum kemur til góða með lægri bilanatíðni.

Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í kerfinu fátíður. Truflun varð á afhendingu þegar rafmagnslaust varð 10. desember síðastliðinn, en starfsmenn HEF brugðust snarlega við og handkeyrðu dælukerfið

Uppsöfnuð fjárfesting og fjármögnun með eigin fé í millj. kr. á verðlagi hvers árs.



Útihiti og heitavatsnotkun 2019



við Urriðavatn, sem varð til þess að truflunin varð lítil. Í kjölfarið er hafin vinna við áhættugreiningu kerfisins í heild.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 35,6 millj. kr. Rafmagn á dælubúnað er 15,8 millj. kr. og hækkar um 1,6 millj. kr. frá fyrra ári, alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 5,5 millj. kr. hærri en árið 2018.

VATNSVEITA

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi, hitastig úr borholum er stöðugt frá 2,9°C - 4,8°C, pH gildi er 7,0 og leiðni um 57 µs/cm. Dælt er er úr tveimur af þremur borholum á Köldukvíslarsvæðinu. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarveitu árið 2019 var um 686 þús. m³ eða að meðaltali 21,7 l/sek. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur var 3,1 millj. kr. 2019. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 11,3 millj. kr. eða um 2,3 millj. kr. lægri en árið 2018.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðabinghá.

Viðræður eru yfirstandandi við notendur vatnsveitunnar hjá lðavöllum, lðavallaveitu, um framtíð hennar og rekstrarform. Mun vonandi skýrast á vormánuðum.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel. Öll sýni og eftirlit úr vatnveitukerfum hafa staðist gæðakröfur.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 92,9 millj. kr. og hækkaði um 2,9 millj. kr. frá árinu 2018.


FRÁVEITA

Álögð gjöld fráveitu voru 140 millj. kr. og er hækkun frá fyrra ári um 17 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2019 nam 31,2 millj. kr. en árið 2018 var kostnaðurinn 37 millj. kr. lækkun um 5,8 millj. kr. milli ára.


Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarleigusamningar vegna

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. | Ársreikningur 2019

Meðal gjaldfrestur í dögum



Tekjur starfspáttá í millj. kr.



hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út haust 2023. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 172 árið 2019.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt til lækkunar á rekstrarkostnaði.

Kvartanir bárust sveitarfélaginu frá íbúum vegna lyktarmengunar frá hreinsivirki hjá Einbúabla á haustdögum 2019. Bólholt hefur síðan unnið að tillögum til lausnar vandans og hrindir þeim í framkvæmd á vordögum 2020.

Langtímaátaki til söfnunar eldhúsfitu frá heimilum og fyrirtækjum var hafið á aðventu, með það að markmiði að minnka verulega álag á fráveitu- og hreiniskerfi. Margnota trektar til að skrúfa á plastflöskur eru afhentar, endurgjaldslaust, til íbúa og fyrirtækja. Átakið hefur mælst vel fyrir og umtalsverð aukning hefur verið á móttækinni fitu á móttökustöð sveitarfélagsins.

GAGNAVEITA

Ýmsar ráðstafanir s.s. búnaðar og efniskaup, voru gerðar á fyrri hluta ársins til undirbúnings framkvæmdum við ljósleiðaravæðingu dreifbýlisins. Fljótsdalshérað hefur falið HEF framkvæmd verkfnisins „Ísland ljóstengt“ í dreifbýli sveitarfélagsins, en það er styrkt af Fjarskiptasjóði Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis. Í desember fékk HEF endurútreikning á áætluðum kostnaði við verkefnið á Fljótsdalshéraði, sem í framhaldi hefur gefið tilefni til að óska eftir endurskoðun samnings við Fjarskiptasjóð og hækkun framlag hans til þess. Það ferli er nú í gangi.


SKÓGARORKA

Kyndistöðin á Hallormsstað, sem rekin var af Skógarorku ehf., var seld árið 2017. Eignahlutur HEF í félaginu er 44,8%. Stjórn HEF hefur falið framkvæmdastjóra að loka félaginu, en það er skuld- og eignalaust.


SAMORKA

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna, rafmagnsframleiðenda og drefingaaðila fyrir rafmagn. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna.

Fjármagnskostnaður í millj. kr.



Eiginfjárhlutfall



Reikningshald og endurskoðun

Útgefnir áætlunarreikningar úr orkukerfinu voru um 16 þús. Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu þar með eru taldir uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember eins og vaninn hefur verið undanfarin ár, er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka eru einnig nokkur og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

Nýframkvæmdir


Á árinu 2019 var fjárfest fyrir 122,3 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir 14,1 millj. kr. í vatnsveitunni fyrir 29,9 millj. kr. og fráveitunni fyrir 47,1 millj. kr. Umfangsmestu verkefni voru tenging við VÖK og endurnýjun fráveitu og vatnsveitulagna í síðari hluta af Fénaðarklöpp, endurnýjun lagna í norðausturenda Seláss. Í vetrarbyrjun voru endurnýjanir og viðbætur í fráveitu og gagnaveitu í Kvenfélagsgarði (sunnan Laufáss), þar verður yfirborðsfrágangi lokið á vordögum, þegar snjóla leysir.

Verkefni og framtíðarsýn


Sameining Fljótaldshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpvogshrepps er í farvatninu. Kjördagur til nýrrar sveitarstjórnar er 18. apríl nk. Útlit er fyrir að hlutverk HEF muni aukast allnokkuð við sameininguna og verður unnið að kortlagningu verkefna og skiplagi starfseminnar nú á vordögum.

Fráveitumál verða fyrirferðarmikil í framkvæmdum HEF á komandi árum. Land hefur verið keypt undir hreinsistöð á Melshorni. Áform eru um útboð og framkvæmd fráveitulagnar og útrás í Lagarfjót, yst á Egilsstaðanesi frá ætlaðri hreinsistöð á Melshorni. Deiliskipulag hreinsistöðvar verður unnið 2020, ásamt hönnunarvinnu fyrir framkvæmdir árisins 2021.

Fjárfestingar á verðlagi hvers árs í millj. kr.



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Helstu verkefnið í endurnýjun á dreifikerfi veitnanna ásamt því að tvöfalda fráveitukerfið verða miðhluti (lokaáfangi) Seláss og tvöföldun fráveitukerfis í Tjarnarbraut, frá íþróttahúsi norður að Brávöllum. Þá verður hitaveita lögð í Hafrafell, samhliða plægingu rafstrengs RARIK og gagnaveita mun fylgja á Hrafnafell og í Staffell.

Kaldavatnsöflun fyrir VÖK þarf að tryggja betur með stærri dælum en þeim sem settar voru í vatnstökubrunna á vinnslusvæði við Urriðavatn. Mistök seljanda ollu því að of litlar dælur voru settar í brunnana, en þær verða endurnýjaðar í apríl-maí 2020.


Fyrirséðar framkvæmdir við gagnaveitu í dreifbýli eru eins og áður segir lagning ljósleiðara í Staffell, sem og tenging heimila í Fellum, frá Skipalæk til Rauðalækjar og Birnufells, en þangað hefur rör verið plægt. Frekari framvinda er að öllu leyti háð niðurstöðu samninga við Fjarksiptasjóð. Leitast verður við að samnýta jarðvinnu með þrífarsvæðingu RARIK á þeim svæðum sem hún er fyrirhuguð.

Á næstu árum vonum við að heitavatnið verði notað í auknum mæli við matvælaframleiðslu.

HEF er eina veitan sem býður hitaveituvatn sem vottað er til matvælaframleiðslu og neyslu. VÖK hefur vakið athygli á þessum gæðum með eftirtektarverðum hætti, með því að bjóða gestum sínum jurtate með hitaveituvatni, beint úr krananum.


Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, hafa unnið forðalíkan fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár um framtíðarafköst jarðhitakerfisins og uppbyggingu dreifikerfis. Einnig liggja fyrir tillögur ÍSOR að aukinni skráningu og eftirliti með orkuvinnslunni.

Marsmánuði 2020,



Framkvæmdastjóri
Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Hagnaður EBITDA í millj. kr.



NÝFRAMKVÆMDIR

Árið 2019 var fjárfest fyrir
122,3 milljónir króna.



SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu. Þá hefur félagið tekið að sér uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli á Fljótsdalshéraði.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvæar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 125 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.096 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 948 millj. kr. í árslok og er eiginfárhlutfall félagsins 45%.

Í árslok 2019 nam hlutafél félagsins 433 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs, kt. 481004-3220, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2020 vegna rekstarársins 2019, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstarafkomu sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 26. febrúar 2020.

Í stjórn fyrirtækisins:



Framkvæmdastjóri:



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar eigenda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingar á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í faflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við

þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum

og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, föslun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendum reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli

endurskoðuninnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 26. febrúar 2020

KPMG ehf.



3482.



HOLA 4

Heitt vatn úr holu 4 í október 1979 sem varð ástæða þess að ráðist var í lagningu hitaveitu til Egilsstaða og Hlaða.

REKSTRARREIKNINGUR 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		180.743.001	173.669.548
Álögð vatnsgjöld		84.804.276	82.554.658
Álögð fráveitugjöld		139.991.043	122.900.842
Fastagjöld		23.524.674	23.240.852
Aðrar tekjur		20.402.456	8.505.282
		<u>449.465.450</u>	<u>410.871.182</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	3	69.890.582	67.646.255
Rekstur veitukerfa		78.055.329	80.711.258
Annar rekstrarkostnaður		22.819.898	38.409.085
		<u>170.765.809</u>	<u>186.766.598</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		278.699.641	224.104.584
Afskriftir	6	(86.505.836)	(83.335.092)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		192.193.805	140.769.492
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	(55.648.700)	(72.655.183)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		136.545.105	68.114.309
Tekjuskattur ársins	8	11.976.016)	(7.223.390)
Hagnaður ársins	10	<u>124.569.089</u>	<u>60.890.919</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 2019

		Eignir	
	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Vatnsréttindi	5	8.054.469	8.359.143
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Vatnsveitukerfi		450.496.753	436.838.158
Fráveitukerfi		310.640.207	281.850.708
Borholur og dreifikerfi hitaveitu		1.019.363.078	1.039.795.162
Kyndistöð, áhöld og búnaður		63.348.170	68.016.080
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu		72.996.148	86.138.138
	6	1.916.844.356	1.912.638.246
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna Brúar lífeyrissjóðs	14	16.089.259	16.732.131
		16.089.259	16.732.131
		1.940.988.084	1.937.729.520
Fastafjármunir			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	9	20.827.226	42.983.799
Kröfur á tengdan aðila vegna tekna vatns- og fráveitu		18.570.230	8.618.767
Aðrar skammtímakröfur		2.543.100	2.962.684
Handbært fé	2k	113.483.313	46.444.350
		155.423.869	101.009.600
Veltufjármunir			
		2.096.411.953	2.038.739.120
Eignir samtals			

31. DESEMBER 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé:			
Hlutfé		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		56.558.190	44.101.281
Óráðstafað eigið fé		458.177.904	346.065.724
	Eigið fé 10	<u>948.042.515</u>	<u>823.473.426</u>
Langtímaskuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	8	9.035.123	3.994.451
Skuldir við lánastofnanir	11	715.143.374	764.728.557
Leiguskuldir	12	126.475.279	154.211.527
Fyrirframinnheimtar tekjur	13	144.277.768	148.903.112
		<u>994.931.544</u>	<u>1.071.837.647</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	62.598.506	60.620.089
Næsta árs afborganir leiguskulda	12	31.836.851	29.753.700
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	13	4.590.614	4.625.344
Viðskiptaskuldir		21.974.161	32.403.235
Fyrirframinnheimtir styrkir vegna gagnaveitu		9.215.526	0
Skattar ársins		6.935.344	0
Aðrar skammtímaskuldir		16.286.892	16.025.679
		<u>153.437.894</u>	<u>143.428.047</u>
	Skuldir samtals	<u>1.148.369.438</u>	<u>1.215.265.694</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.096.411.953</u>	<u>2.038.739.120</u>

HOLA 10

Borun á holu 10 sem er grundvöllur hitaveitunnar í dag og skilar um 100 l/s af 77°C heitu vatni.



SKÝRINGAR

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlauðn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% iðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% iðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu	20 ár
-----------------------------	-------

h. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanþegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í árshlutareikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á tímabilinu greinast þannig:

	2019	2018
Laun	64.306.006	64.619.484
Áunnið orlof, breyting	15.447.845	15.382.603
Launatengd gjöld	961.359 (2.014.954)
Lotun fyrirframgreidds kostnaðar vegna Brúar	642.872	642.872
	<u>81.358.082</u>	<u>78.630.005</u>
Eignfærð laun	(11.467.500)((10.983.750)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>69.890.582</u>	<u>67.646.255</u>
Fjöldi starfsmanna í lok tímabils	6	6
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	26.525.556	29.034.609

4. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2019	2018
Vaxtatekjur og verðbætur	2.343.112	1.649.455
Vaxtagjöld og verðbætur	(47.448.537)(52.453.829)
Gengismunur	(10.543.275)(21.850.809)
Hrein fjármagnsgjöld	(55.648.700)(72.655.183)

5. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum.

Þessi liður greinst þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2019	984.143	7.375.000	8.359.143
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2019	<u>929.469</u>	<u>7.125.000</u>	<u>8.054.469</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	117.998.569	1.838.751.211	697.731.346	600.829.732	3.255.310.858
Afskrifað áður	(49.982.490)	(798.956.048)	(260.893.185)	(318.979.027)	(1.428.810.750)
Bókfært verð 1.1.2019 ...	68.016.079	1.039.795.162	436.838.161	281.850.705	1.826.500.108
Viðbót á árinu	0	14.127.907	29.919.524	47.084.841	91.132.272
Selt á árinu	(7.250.000)	0	0	0	(7.250.000)
Afskrifað á árinu	(3.942.910)	(34.559.991)	(16.260.929)	(18.295.342)	(73.059.172)
Afskrift færð út	6.525.000	0	0	0	6.525.000
Bókfært verð 31.12.2019	<u>63.348.169</u>	<u>1.019.363.078</u>	<u>450.496.756</u>	<u>310.640.204</u>	<u>1.843.848.208</u>
Heildarverð 31.12.2019 ...	110.748.570	1.852.879.117	727.650.870	647.914.573	3.339.193.130
Afskrifað samtals	(47.400.400)	(833.516.039)	(277.154.114)	(337.274.369)	(1.495.344.922)
Bókfært verð 31.12.2019	<u>63.348.170</u>	<u>1.019.363.078</u>	<u>450.496.753</u>	<u>310.640.207</u>	<u>1.843.848.208</u>
Afskriftahlutföll	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	
Áætlaður nýtingartími ..	3-25 ár	25-40 ár	25-40 ár	25 ár	

Leigðar eignir (hreinsvirki fráveitu) greinast þannig:

Bókfært verð í upphafi árs	86.138.138
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð í lok árs	<u>72.996.148</u>

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	38.502.901
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	16.260.929
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	18.295.342
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigueignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 5	<u>304.674</u>
Fært í rekstrarreikning	<u>86.505.836</u>

7. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka	44,8%	9.000.000	<u>0</u>

8. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.994.451
Reiknaður tekjuskattur	11.976.016
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 vegna ársins 2019	(6.935.344)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils	9.035.123

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	13.662.939
Viðskiptakröfur	(2.348.013)
Frestaður gengishagnaður	(2.279.803)
	9.035.123

9. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2019	2018
Niðurfærsla í ársbyrjun	17.919.560	14.397.086
Breyting á niðurfærslu ársins	(3.354.201)	3.522.474
Niðurfærsla í lok tímabilsins	<u>14.565.359</u>	17.919.560

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2018	433.306.421	44.101.281	346.065.724	823.473.426
Lagt í lögbundinn varasjóð		12.456.909	(12.456.909)	0
Hagnaður tímabilsins			124.569.089	124.569.089
Eigið fé 31.12.2019	<u>433.306.421</u>	<u>56.558.190</u>	<u>458.177.904</u>	948.042.515

VÖK

Skrifaður hefur verið nýr kafli um vakirnar á Urriðavatni, þar sem heimamenn og gestir geta nú notið þeirra í glæsilegu umhverfi og baðað sig í fljótandi náttúrulegum.



11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,9-4,2% á gjalddögum til 2027	134.340.018
Óverðtryggð lán, vextir 5,1%-6,0% á gjalddögum til 2036	405.129.250
Gengistryggð lán, vextir -0,9%-2,0% á gjalddögum til 2033	238.272.612
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	777.741.880
Næsta árs afborganir	(62.598.506)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	715.143.374

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2019.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2020	43.564.893	19.033.613	62.598.506
Árið 2021	43.783.696	19.033.613	62.817.309
Árið 2022	38.333.508	19.033.613	57.367.121
Árið 2023	32.893.537	19.033.613	51.927.150
Árið 2024	33.143.013	19.033.613	52.176.626
Síðar	347.750.624	143.104.544	490.855.168
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	539.469.271	238.272.609	777.741.880

Óverðtryggt lán félagsins hjá Arion banka sem nemur 123,3 millj. kr. í árslok er á gjalddaga á árinu 2020 en félaginu er heimilt að framlengja það til þriggja ára í senn allt til ársins 2035. Það er áætlun stjórnenda að viðhalda fjármögnuninni og eru því afborganir sett fram til samræmis.

12. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir er til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgan	158.312.130
Næsta árs afborgan	(31.836.851)
Samtals langtímahluti leiguskulda	126.475.279

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	6,4%	158.312.130

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2020	51.289.074
Árið 2021	51.289.074
Árið 2022	51.289.074
Árið 2023	43.784.325
Árið 2024	23.143.714
Síðar	17.188.531
Samtals	237.983.792

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2019 námu 50,5 millj. kr.

13. Fyrirframminnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda námu á árinu 11,8 millj. kr. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því eru tengigjöldum ársins færð meðal tekna í rekstrarreikningi.

Í árslok nema fyrirframminnheimtar tekjur vegna tengigjalda 148,4 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld hitaveitu og vatnsveitu til tekna á 40 árum en á 25 árum vegna fráveitu.

Þá eru færðar sem fyrirframminnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,5 millj. kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 5 árum.

Tekjur að fjárhæð 148,9 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframminnheimtar tekjur í árslok 2019. Þar af færast 4,6 millj. kr. meðal skammtímaskulda sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færist til tekna á árinu 2020.

14. Fyrirframgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóðs eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	17.375.003
Gjaldfært á árinu	(642.872)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok	<u>16.732.131</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna	642.872
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	<u>16.089.259</u>
Samtals í efnahagsreikningi	<u>16.732.131</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	553.544
Framlag í varúðarsjóð.....	<u>89.328</u>
	<u>642.872</u>

15. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

2019	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	208.094.231	98.673.299	142.697.920	0	449.465.450
Rekstrargjöld án afskrifta	78.510.385	31.648.170	60.607.254	0	170.765.809
Hagnaður EBITDA	129.583.846	67.025.129	82.090.666	0	278.699.641
Afskriftir	(38.557.575)	(16.510.929)	(31.437.332)	0	(86.505.836)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(31.163.690)	(13.311.558)	(11.173.452)	0	(55.648.700)
Tekjuskattur	(11.976.016)	0	0	0	(11.976.016)
Hagnaður tímabilsins	47.886.565	37.202.642	39.479.882	0	124.569.089
Eignir starfsþátta	1.263.807.753	450.957.145	381.647.055	0	2.096.411.953
Skuldir starfsþátta	774.357.615	189.966.662	184.045.161	0	1.148.369.438
Eigið fé starfsþátta	489.450.138	260.990.483	197.601.894	0	948.042.515
Veltufé frá rekstri	99.992.636	58.891.971	75.017.816	0	233.902.423
Fjárfestingarhreyfingar	(12.927.907)	(29.919.524)	(47.084.841)	9.215.526	(80.716.746)
Fjármögnunarhreyfingar	(27.954.450)	(27.961.600)	(26.390.113)	(9.215.526)	(91.521.689)
2018	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	195.968.890	91.523.489	123.378.803	0	410.871.182
Rekstrargjöld	80.698.178	37.203.470	68.864.950	0	186.766.598
Hagnaður EBITDA	115.270.712	54.320.019	54.513.853	0	224.104.584
Afskriftir	(38.839.045)	(14.571.760)	(29.924.287)	0	(83.335.092)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(40.331.818)	(18.520.449)	(13.802.916)	0	(72.655.183)
Tekjuskattur	(7.223.390)	0	0	0	(7.223.390)
Hagnaður tímabilsins	28.876.459	21.227.810	10.786.650	0	60.890.919
Eignir starfsþátta	1.226.537.116	444.213.158	367.988.846	0	2.038.739.120
Skuldir starfsþátta	784.973.543	220.425.317	209.866.834	0	1.215.265.694
Eigið fé starfsþátta	441.563.573	223.787.841	158.122.012	0	823.473.426
Veltufé frá rekstri	91.722.620	45.908.129	46.484.302	0	184.115.051
Fjárfestingarhreyfingar	64.396.658	24.844.885	30.533.060	0	119.774.603
Fjármögnunarhreyfingar	(30.832.632)	(30.890.900)	(25.513.467)	0	(87.236.999)

16. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2019 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 238,3 millj. kr. (2018: 246,1). Hluti varanlegra rekstrarfjármuna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 23,8 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

17. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2019	2018	2017	2016	2015
Rekstur:					
Rekstrartekjur	449.465	410.871	400.913	386.898	368.720
Rekstrargjöld án afskrifta (170.766) (186.767) (160.512) (155.227) (156.201)
Hagnaður fyrir afskriftir ...	278.700	224.104	240.401	231.671	212.519
Afskriftir	(86.506) (83.335) (79.635) (77.922) (86.191)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	192.194	140.769	160.766	153.749	126.328
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(55.649) (72.655) (49.385) (13.926) (55.180)
Áhrif hlutdeildarfélagas			(3.477) (1.913) (874)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	136.545	68.114	107.904	137.910	70.274
Tekjuskattur ársins	(11.976) (7.223) (10.640) (1.398) (9.327)
Hagnaður ársins	124.569	60.891	97.264	136.512	60.947
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.940.988	1.937.730	1.887.787	1.859.307	1.812.508
Veltufjármunir	155.424	101.010	100.810	116.509	151.139
Eignir samtals	2.096.412	2.038.740	1.988.597	1.975.816	1.963.647
Eigið fé	948.043	823.473	762.583	665.319	528.807
Langtímaskuldir	994.932	1.071.838	1.091.449	1.181.963	1.308.033
Skammtímaskuldir	153.438	143.428	134.565	128.533	126.806
Eigið fé og skuldir samtals	2.096.412	2.038.739	1.988.598	1.975.816	1.963.646
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum ..	29	42	22	27	38
Veltufé frá rekstri	233.902	184.115	194.445	180.400	158.619
Veltufjárhlutfall	1,01	0,70	0,75	0,91	1,19
Eiginfjárhlutfall	45,2%	40,4%	38,3%	33,7%	26,9%
Arðsemi eiginfjár	13,1%	8,0%	14,6%	25,8%	13,0%

FITA ÚR FRÁVEITU Í FLÖSKUR BREYTUM ÚRGANGI Í


ORKU

BLÁA



TREKTIN

Bláa trektin
fæst þér að
kostnaðarlausu
á skrifstofu HEF,
Einhleypingi 1, Fellabæ
og í Húsi handanna,
Miðvangi 1,
Egilsstöðum.





HITAVEITA

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá
borholum við Urriðavatn nam um 1.903 þús. m³.
Meðalvinnslan því 60 l/sek. eða um 217 m³ á klst.



Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. Einhleypingi, 700 Egilsstaðir, kt. 470605-1110

HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA • 1979-2019

VAKIRNAR Á URRIÐAVATNI

- URRIÐAVATN
- VAKIRNAR
- BORHOLUR
- LEGA HOLU 9 OG 10

Saga hitaveitunnar er samofin vökunum á Urriðavatni. Vakirnar beindu mönnum að heitri uppsprettu á botni vatnsins, þar sem vatnið lagði ekki þrátt fyrir mikla frostavetur.

Fyrstu skráðu mælingar voru gerðar í janúar 1960. Þremur árum síðar var staðfestur 60°C hiti við botn vatnsins undir einni vökinni og með því hófst formlegar jarðhitarannsóknir. Um sumarið hófst kortlagning á berggöngum á svæðinu og er forsiðumyndin af þeirri fyrstu sem farin var á vatnið í júlí 1963.

Vakirnar vísuðu framsýnum mönnum á uppsprettu heita vatnsins sem fannst í nýtanlegu magni í fjórðu tilraun á 1.600 metra dýpi í október 1977 og varð til þess að Hitaveita Egilsstaða og Fella var stofnuð 22. mars 1979.

